

Ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur
Samkvæmt lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur

Reykjavík 10. apríl, 2012

Ásgeir Björnsson
Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Varðandi: Umsókn Orf Líftækni hf um frævinnslu í nýju húsnæði, Vörðusundi 1 í Grindavík.


Eftirfarandi umsögn var samþykkt af öllum viðstöddum meðlimum ráðgjafanefndarinnar. Á fundi þann 10. apríl 2012 kom fram að eftirlitsaðili frá Umhverfisstofnun hafi tekið út öryggismál í húsnæðinu að Vörðusundi 1 í Grindavík. Umhverfisstofnun telur aðstöðuna fullnægjandi fyrir umsóttu starfsemi.

Umsögn samþykkt af ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur

Starfsemin fellur undir reglugerð nr 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera annarra en örvera. Umsóknin er um leyfi til frævinnslu á erfðabreyttu byggi í nýju húsnæði í Grindavík. Öll fræ sem unnin verða í fræverkunarstöðinni hafa verið ræktuð í Grænu Smiðjunni í Grindavík, í Barra á Egilsstöðum, í Sólbyrgi í Borgarfirði, í Gunnarsholti eða að Reykjum í Ölfusi, og innihalda þá vaxtarþætti sem ORF er með í vinnslu hverju sinni. Í frævinsslunni fer fram þurrkun á fræjum, þresking, fræflokkun, afhýðing, sterilisering og mölun á afhýddum fræjum, pökkun, frágangur og geymsla. Úrgangur (allt að 500 kg á ári) er brenndur í Sorpeyðingarstöð Suðurnesja.

Ráðgjafanefndin hefur kynnt sér umsóknina, rætt hana á fundi sínum 10. apríl 2012 og samþykkir hana með meirihluta atkvæða. Meirihluti nefndarinnar telur umhverfisáhættu ekki aukast umtalsvert við flutning frævinsslunnar frá Grænu Smiðjunni í húsnæði við Vörðusund 1 í Grindavík.

Virðingarfyllst


Ragnhildur Sigurðardóttir